

Steingrímur Ari Arason, forstjóri
Fannafold 142
112 Reykjavík



HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Vegmúla 3 150 Reykjavík
sími: 545 8700 bréfasími: 551 9165
postur@hbr.stjr.is
heilbrigdisraduneyti.is

Reykjavík 29. mars 2010
Tilv.: HBR10030212/09.90.12

Efni: Tilkynning um fyrirhugaða áminningu

Hér með tilkynnist þér að ráðgert er að áminna þig fyrir brot á almennum starfsskyldum ríkisstarfsmanna samkvæmt lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, einkum brot gegn góðum starfsháttum og þeirri skyldu til hollustu- og trúnaðar, sem byggð er á ákvæðum IV. kafla laganna.

Hinn 5. mars 2010 setti heilbrigðisráðherra reglugerð nr. 190/2010 um þátttöku sjúkratrygginga í nauðsynlegum tannlækninga- og tannréttingakostnaði vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma eða slysa og gilda ívilnandi ákvæði reglugerðinnar frá 1. janúar 2010. Samkvæmt upplýsingum í svari þínu við fyrirspurn ráðherra um afgreiðslu umsókna samkvæmt reglugerðinni í tölvupósti frá 27. mars sl. hafa engar umsóknir enn verið afgreiddar. Á fundi fjárlaganefndar Alþingis kom fram að þú hafðir leitað til ríkisendurskoðanda vegna reglugerðarinnar. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að þú hafðir sent erindi til ríkisendurskoðanda hinn 9. mars sl., sjá hjálagðan tölvupóst, þar sem fram kemur að þú teljir reglugerðinni ábótavant hvað varðar fjárhagsleg skilyrði og óskar eftir afstöðu hans til málsins.

Ég tel að þér hafi borið að leita fyrst til ráðuneytis eða ráðherra ef þú taldir fyrrgreindri reglugerð ábótavant að einhverju leyti. Með því að leita ekki beint til ráðuneytisins hafir þú brotið gegn góðum starfsháttum og hollustu- og trúnaðarskyldum þínum og hafi það haft í för með sér trúnaðarrest milli þín og ráðherra.

Áréttað skal að fyrirhuguð ákvörðun er áminning í skilningi 21. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Af þessu tilefni er þér gefinn frestur til og með 13. apríl næstkomandi til andmæla.

Alfheidur Jónsdóttir

- Fylgiskj.: 1. Tölvubréf ráðherra til Steingríms Ara Arasonar 26.03.20
2. Svar Steingríms Ara Arasonar 26.03.10
3. Tölvubréf Steingríms Ara Arasonar til ríkisendurskoðanda frá 09.03.10

Fslej. 1

Fw: Varðar reglugerð nr. 190/2010 - ÁRÍÐANDI
Álfheiður Ingadóttir
til:
Guðríður Þorsteinsdóttir
27.03.2010 12:17
Sýna meira

-----Forwarded by Álfheiður Ingadóttir/HBR/NotesSTJR on 03/27/2010 12:17PM -----

To: Steingrímur Ari Arason <steingrimur.arason@sjukra.is>
From: Álfheiður Ingadóttir/HBR/NotesSTJR
Date: 03/26/2010 02:49PM
Cc: Berglind Ásgeirsdóttir/HBR/NotesSTJR, Steinunn Margrét Lárusdóttir/HBR/NotesSTJR, benedikt@talnakonnun.is
Subject: Varðar reglugerð nr. 190/2010 - ÁRÍÐANDI

Sæll vertu Steingrímur.

Ég hef enn haft fregnir af fyrirstöðu hjá Sjúkratryggingastofnun hvað varðar framkvæmd reglugerðar nr. 190/2010 um um þátttöku sjúkratrygginga í nauðsynlegum tannlækninga- og tannréttingakostnaði vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma eða slysa .

Því er spurt:

1. Hversu margar umsóknir þ.e. reikningar hafa borist frá því reglugerðin var sett?
2. Hversu margar hafa verið afgreiddar og þá hvernig?

Einnig óska ég eftir því að fá nú þegar afrit af tölvupósti þínum til ríkisendurskoðanda vegna reglugerðarinnar sem og afrit af svari Sveins Arasonar ríkisendurskoðanda.

Ég óska eftir því að fá svör fyrir lok vinnudags í dag .

Bestu kveðjur / Best regards
Álfheiður Ingadóttir

Álfheiður Ingadóttir, heilbrigðisráðherra / Minister of Health
Heilbrigðisráðuneytið / Ministry of Health
Vegmúla 3, 150 Reykjavík / Vegmúla 3, IS-150 Reykjavík, Iceland
Sími 545 8700, fax 551 9165 / Tel. +354 545 8700, fax +354 551 9165
www.heilbrigdisraduneyti.is / www.ministryofhealth.is

Fskj. 2

Fw: RE: Varðar reglugerð nr. 190/2010 - ÁRÍÐANDI
 Álfheiður Ingadóttir
 til:
 Guðríður Þorsteinsdóttir
 27.03.2010 12:17
 Sýna meira

-----Forwarded by Álfheiður Ingadóttir/HBR/NotesSTJR on 03/27/2010 12:17PM -----

To: "alfheidur.ingadottir" <alfheidur.ingadottir@hbr.stjr.is>
 From: Steingrímur Ari Arason <steingrimur.arason@sjukra.is>
 Date: 03/26/2010 04:01PM
 Cc: benedikt <benedikt@talnakonnun.is>, "Berglind.Asgeirsdóttir"
 <Berglind.Asgeirsdottir@hbr.stjr.is>
 Subject: RE: Varðar reglugerð nr. 190/2010 - ÁRÍÐANDI
 (See attached file: 00309 tölvupóstur.pdf)

Sæl Álfheiður

Eins og HBR er kunnugt hafa Sí verið að útfæra framkvæmdarleg atriði vegna reglugerðar nr. 190/2010. Í þeirri vinnu hefur verið lögð rík áhersla á samráð við tannréttingarsérfræðingana. Málið er í góðum farvegi, þótt það mætti auðvitað ganga hraðar. Áformað er að fara yfir stöðu málsins á samráðsfundi í ráðuneytinu nk. mánudag.

Óafgreiddar umsóknir eru 4-7, skv. upplýsingum frá tannlæknadeildinni. Þar sem þær hafa ekki verið afgreiddar hafa engir reikningar borist.

Varðandi tölvupóstssamskipti mín og Sveins þá áttu þau að vera trúnaðarmál. Ég næ ekki í Svein og sendi þér því aðeins afrit af póstinum mínum til hans, sbr. meðfylgjandi viðhengi. Að því gefnu að Sveinn geri ekki athugasemd við það þá sendi ég þér svar hans þegar ég hef heyrt í honum.

Með góðri kveðju,
 Steingrímur Ari

From: alfheidur.ingadottir@hbr.stjr.is [mailto:alfheidur.ingadottir@hbr.stjr.is]
Sent: 26. mars 2010 14:50
To: Steingrímur Ari Arason
Cc: Berglind.Asgeirsdottir@hbr.stjr.is; steinunn.m.larusdottir@hbr.stjr.is; benedikt@talnakonnun.is
Subject: Varðar reglugerð nr. 190/2010 - ÁRÍÐANDI
Importance: High

Sæll vertu Steingrímur.

Ég hef enn haft fregnir af fyrirstöðu hjá Sjúkratryggingastofnun hvað varðar framkvæmd reglugerðar nr. 190/2010 um um þátttöku sjúkratrygginga í nauðsynlegum tannlækninga- og tannréttingakostnaði vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma eða slysa.

Fskj. 3

Steingrímur Ari Arason

From: Steingrímur Ari Arason
Sent: 9. mars 2010 10:38
To: 'sveinn@rikisend.is'
Attachments: 00305 reglugerð.pdf

Sæll Sveinn

Þakka þér samtalið áðan, en ég leita til þín í framhaldi af nýrri reglugerð sem heilbrigðisráðherra hefur sett um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði vegna nauðsynlegra tannlækninga (nr. 190/2010). Í stuttu máli felur reglugerðin í sér að Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) eiga að endurgreiða 95% kostnaðar skv. framlögðum reikningum tannlækna vegna meðferða sem stofnunin hefur samþykkt að falli læknisfræðilega undir reglugerðina.

Enga leiðsögn er að finna í reglugerðinni um fjárhagsleg skilyrði sem rétt og eðlilegt er að séu uppfyllt við gerð reikninga vegna framangreindrar þjónustu, þ.e. umfram þau að framlagðir reikningar eiga að vera tölusettir og í frumriti (6. gr.).

Ég tel óhjákvæmilegt að SÍ setji það skilyrði fyrir endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustunnar sem hér um ræðir að stofnunin hafi áður samþykkt þá gjaldskrá sem hlutaðeigandi læknir notar (bæði verð og verkliði). Ég tel jafnframt eðlilegt að SÍ krefjist þess að framlögð gjaldskrá þjónustuveitanda sé almenn í þeim skilningi að hún sé einnig notuð vegna þjónustu sem fellur utan reglugerðarinnar. Að lokum tel ég koma til álita að SÍ áskilji sér rétt til að hafna gjaldskrá tannlæknis ef hún vikur verulega frá gjaldskrám annarra tannlækna hvað varðar verð eða uppbyggingu.

Ég tel nauðsynlegt að fara yfir framangreind atriði með heilbrigðisráðuneytinu á næstu dögum. Áður en til þess kemur kæmi sér afar vel að heyra þína afstöðu til málsins og hvort þú ert sammála því að ekki verði undan því vikist að útfæra nánar þau fjárhagslegu skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt áður en SÍ hefja endurgreiðslu kostnaðar skv. hinni nýju reglugerð.

Með góðri kveðju,
Steingrímur Ari

PS
Reglugerðin fylgir sem viðhengi.